

Ekki er samið um verðlagsuppbót á grunnlaun yfir 18.000 kr.

Laun nema og unglinga haldist í sama hlutfalli við laun viðkomandi starfsstétta og verið hefur.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal greidd með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi. Þó skal álag á eftirvinnu aldrei vera minna en 40%, og álag á nætur- og helgidagavinnu aldrei minna en 80%, miðað við dagvinnukaup.

4. gr.

Verðlagsuppbót á ákvæðisvinnukaup skal vera sem hér segir:

Frá gildistöku þessa samnings og til ágústloka 1969 skal verðlagsuppbót á uppbót vegna tímamældrar ákvæðisvinnu, sem byggð er á vinnurannsóknnum, vera 11,35%. Frá 1. september 1969 og framvegis skal verðlagsuppbót á þessa uppbót vera 23,35%.

Verðlagsuppbót á kaup fyrir ákvæðisvinnu, sem ekki er tímamæld, skal frá gildistöku þessa samnings og framvegis vera 11,35%.

Að því er varðar framkvæmd á greiðslu verðlagsuppbótar á ákvæðisvinnukaup, skal að öðru leyti fylgja þeim reglum, sem gilt hafa samkvæmt marz-samkomulaginu 1968.

5. gr.

Um vaktavinnu gilda eftirfarandi reglur.

Vaktaálag greiðist ekki á verðlagsuppbót, og verðlagsuppbót greiðist ekki á vaktaálag.

Þegar unnið er í vaktavinnu, skal verðlagsuppbótin vera sama krónutala og greidd er á samsvarandi kaup, í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 3. gr. Sé vaktaálag innifalið í fastakaupinu, greiðist verðlagsuppbót á hliðstæðan hátt.

Hlutfall vaktaálags, miðað við það, sem í gildi var fyrir 18. marz 1968, má eigi skerðast um meira en 12% samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Gildir þetta hvort sem vaktaálag er aðgreint eða innifalið í fastakaupi.

6. gr.

Grunnupphæðir mánaðar- og vikulauna samkvæmt 1. og 2. málsgrein, eru miðaðar við það, að unnið sé fullt starf samkvæmt umsömdum vinnutíma í starfsgreininni, en þegar svo er ekki, lækka hlutfallslega mánaðar- og vikulaun þau, er hér um ræðir.

7. gr.

Ákvæði þessa samnings taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og eigi heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

11. KAFLI

Um lífeyrissjóði.

8. gr.

Lífeyrissjóðir með skylduaðild verði stofnaðir og starfráttir á félagsgrundvelli. Skylduaðild nær einnig til þeirra lífeyrissjóða stéttarféлага innan ASÍ sem nú starfa. Heimilt skal landssamböndum og samtökum féлага t. d. í sama landsjórdungi, að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð, ef samkomulag verður um slíkt milli stéttarféлага.

Heimilt skal vinnuveitendum að vera sjóðsfélagar í lífeyrissjóði sinnar starfsgreinar á sama hátt og tíðkast hefur.

Lífeyrissjóðir, sem nú starfa á vegum einstakra fyrirtækja, starfa áfram með meðlimum stéttarféлага í þeim starfsgreinum, sem lífeyrissjóðir þessir nú taka til með sama hætti og verið hefur.

Meðlimir stéttarféлага í öðrum starfsgreinum slíkra fyrirtækja koma hins vegar í lífeyrissjóði á félagsgrundvelli.

Þar sem fyrirtækjasjóðir taka til allra starfsmanna fyrirtækis skulu nýir starfsmenn þess gerast aðilar að lífeyrissjóði fyrirtækisins

9. gr.

Stjórnir lífeyrissjóða samkvæmt 1. mgr. 8. greinar, skulu skipaðar fjórum fulltrúum, tveim tilnefndum af stéttarfélögum, þeim, sem í hlut eiga og tveim tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands.

10. gr.

Iðgjöld til lífeyrissjóða greiðast af öllu verkafólki 16 ára og eldri og verði 10% og skiptist þannig, að vinnuveitendur greiða 6% og verkafólk 4%.

Greiðslur hefjast frá og með 1. janúar 1970 og greiði vinnuveitendur þá 1½%, en verkafólk 1%. Greiðslan aukist síðan árlega um sömu prósentu þar til fullu iðgjaldi er náð.

Iðgjald greiðist af dagvinnutekjum eða því, sem svarar til dagkaups, án

álags vegna ákvæðis, bónuskerfis eða þess háttar, nema um annað semjist eftir nánari reglum sem sjóðsstjórnir setja.

11. gr.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. rýra í engu rétt meðlima þeirra stéttarfélaga, sem nú hafa lífeyrissjóði með frjálsri aðild, til þess að ákveða aðild sína einhliða eftir sömu reglum og nú gilda.

12. gr.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna 3 fulltrúa hvort í sameiginlega nefnd, er hafi það hlutverk að hafa for-göngu um undirbúning að stofnun lífeyrissjóða skv. framanrituðu.

13. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 15. maí 1970, og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Verði samningnum þá eigi sagt upp, framlengist hann um 6 mánuði í senn með sama uppsagnar-fresti.

Verði breyting á gengi íslensku krónunnar eru samningar uppsegjan-legir með sama fyrirvara.

Reykjavík, 19. maí 1969.

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands með fyrirvara um samþykki félaga.

Undirskriftir.

F. h. Vinnuveitendasambands Íslands og sambandsdeilda þess með fyrirvara.

Undirskriftir.

F. h. vinnuálasambands samvinnufélaganna með fyrirvara.

Undirskriftir.

F. h. Félags íslenskra iðnrekenda með fyrirvara.

Undirskriftir.

F. h. Kaupmannasamtaka Íslands með fyrirvara.

Undirskriftir.

F. h. Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis með fyrirvara.
Undirskriftir.

F. h. Félags íslenskra stórkaupmanna með fyrirvara.
Undirskriftir.

F. h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs.
Undirskriftir.

F. h. Verzlunarráðs Íslands með fyrirvara.
Undirskriftir.

Auk hins almenna samkomulags hér að framan, voru eftirfarandi yfir-lýsingar þáttur í lausn deilunnar:

Yfirlýsing

Til þess að greiða fyrir lausn yfirstandandi kjaradeilu milli stéttar-félaga innan Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda lýsir ríkisstjórnin yfir því, að hún mun beita sér fyrir greiðslu lífeyris til aldraðra félaga stéttarfélaga innan ASÍ samkvæmt ákvæðum meðfylg-jandi fylgiskjals.

Fé til ofangreindra lífeyrisgreiðslna verði lagt fram að $\frac{3}{4}$ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr ríkissjóði, enda verði líf-eyrir til þess fólks, sem hér um ræðir, frá lífeyrissjóðum, sem samkomu-lag hefur orðið um að stofna, eigi lægri en tíðkast í lífeyrissjóðum stétt-arfélaga, sem nú eru starfandi. Einn fremur skal gert ráð fyrir, að lífeyris-sjóðir stéttarfélaganna taki við skuldbindingum þeim, er af nefndum regl-um leiðir, eigi síðar en 1. janúar 1985.

Ríkisstjórnin mun hlutast til um lagabreytingar, sem nauðsynlegar reynast vegna þessara ráðstafana.

Reykjavík, 18. maí 1969.

Bjarni Benediktsson.

Fylgiskjal

Um félag stéttarfélaga innan ASÍ, sem náð hafa 55 ára aldri í árs-lok 1969 og voru í starfi sem launþegar í árslok 1967, skulu gilda eftirfar-andi ákvæði:

1. Sá, sem náð hefur 70 ára aldri 31. desember 1969 og hefur þá látið af starfi, skal frá 1. janúar 1970 eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. tölulið,

miðuðum við áunnin réttindi tímabilið 1955—1969. Láti hann af starfi eftir 1. janúar 1970, skal hann fá lífeyri frá 1. næsta mánaðar þar á eftir. Starfstími eftir 1. janúar 1970 skal reiknast til viðbótarréttinda, þó eigi tími fram yfir 75 ára aldur.

2. Sá, sem er á aldrinum 55—69 ára 31. desember 1969, skal frá 1. næsta mánaðar eftir að 70 ára aldri er náð, eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. tölulið miðuðum við áunnin réttindi á tímabilinu frá 55 ára til 70 ára aldurs, enda hafi hann þá látið af starfi sínu sem launþegi. Haldi hann áfram starfi eftir að 70 ára aldri er náð, skal reikna þann tíma til viðbótarréttinda, þó eigi tíma fram yfir 75 ára aldur.

3. Falli félagi, sem áunnið hefur sér a. m. k. 5 ára réttindi samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðs, frá eftir 31. desember 1969, skal eftirlifandi maki hans eiga lífeyrisrétt samkvæmt ákvæðum 4. töluliðs.

4. Til réttindatíma, sbr. 1. og 2. tölulið, skal einungis reikna starfstíma við vinnu, sem verið hefdi tryggingarskyld samkvæmt samkomulagi frá 14. maí 1969, ef samkomulagið hefdi öðlazzt gildi 1. janúar 1955. Til réttindatíma skal þó aðeins reikna þann starfstíma, sem hlutaðeigandi hefur verið félagi stéttarfélags innan ASÍ. Miða skal lífeyri við réttindatíma og meðallaun félagsins síðustu 5 starfsár hans. Skal miða við laun þau, sem iðgjöld skulu greidd af samkvæmt 3. málgrein 3. töluliðs samkomulagsins.

Við ákvörðun launatímabils fyrir árslok 1969, skal styðjast við skattaframtöl hlutaðeigandi, en miða þó aldrei við hærri árslaun en þau, sem greiða hefdi átt iðgjöld af samkvæmt nefndu ákvæði. Lífeyrir skal vera eftirfarandi hundraðshluti meðallauna:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir	Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%	13 —	17,0%	18%
6 —	—	11%	14 —	18,5%	19%
7 —	—	12%	15 —	20,0%	20%
8 —	—	13%	16 —	22,0%	21%
9 —	—	14%	17 —	24,0%	22%
10 —	12,5%	15%	18 —	26,0%	23%
11 —	14,0%	16%	19 —	28,0%	24%
12 —	15,5%	17%	20 —	30,0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris.

5. Greiðslur úr lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt framangreindum ákvæðum.

6. Stjórnir lífeyrissjóða þeirra sem samkomulag hefur orðið um að stofna, eða halda áfram störfum, úrskurða lífeyri, og annast greiðslur hans, samkvæmt framangreindum reglum og nánari ákvæðum, sem nefnd sú sem um ræðir í 7. lið setur.

7. Ríkisstjórnin skipar í nefnd þrjá menn, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin úthlutar lífeyrissjóðum, sem um er að tefla, fé því, er ríkissjóður og atvinnuleysistryggingasjóður leggja til lífeyrisgreiðslna, setur reglur um lífeyrisrétt og úrskurðar ágreining um lífeyrisgreiðslur.

Yfirlýsing

Við undirritaðir fulltrúar vinnuveitenda lýsum því hér með yfir, að við munum leggja til og beita okkur fyrir við samtök okkar, að samið verði um 0,25% í orlofssjóði þeirra félaga innan ASÍ, sem enn ekki hafa samninga þar um.

Samningar samkvæmt framansögðu skulu taka gildi eigi síðar en 1. júlí n.k.

Reykjavík, 19. maí 1969.

F. h. Vinnuveitendasambands Íslands.

Undirskriftir.

F. h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Undirskriftir.

Samkomulag.

Það hefur orðið að samkomulagi milli aðila, að kaup iðnnema skuli vera viku- eða mánaðarkaup og miðast við ákveðið hlutfall af kaupri sveina í hverri iðngrein.

Hlutfallstala í hverri iðngrein um sig skal ákveðið í samningum milli félaga meistara og sveina í hverri iðngrein um sig. Aldrei skal þó kaup iðnnema vera lægra en sem hér segir:

1. ár	30%
2. ár	40%
3. ár	50%
4. ár	60%